

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



17. október 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 74. mál á 153. löggjafarþingi**

*Innheimtulög (leyfisskylda o.fl.)*

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi þessu er það samið að tilstuðlan Hagsmunasamtaka heimilanna. Með frumvarpinu er stefnt að því að fella öll innheimtufyrirtæki undir sömu lagareglur er varða leyfisskyldu og eftirlit, óháð persónulegri stöðu endanlegra eigenda þeirra. Þannig er ætlunin að tryggja betur jafnræði og efla réttaröryggi neytenda á fjármálamarkaði.

Á 150. löggjafarþingi var frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán vegna svokallaðra smálána samþykkt á Alþingi. Af því tilefni vilja samtökin vekja athygli á því að frumvarp þetta er mikilvægur liður í því að stemma stigu við ólögmætri innheimtu lána með óhæfilegum kostnaði, með því að fella öll innheimtufyrirtæki undir leyfisskyldu og eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins.

Þá kom fram í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 718. í 223. máli á 150. löggj. að vinna væri í gangi í dómsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti við að að skýra betur reglur um starfsemi lögginnheimtuaðila og eftirlit með starfseminni. Meirihlutinn hvatti til að þeirri vinnu yrði hraðað eins og kostur er og frumvarp lagt fram á vorþingi, en það hefur ekki enn gerst.

Af þessu tilefni benda Hagsmunasamtök heimilanna á að þau helstu atriði sem samtökin telja þurfa að skerpa á í innheimtulögum koma nú þegar fram í því frumvarpi sem hér um ræðir. Við þinglega meðferð málsins væri eðlilegt að leita umsagnar menningar- og viðskiptaráðuneytisins sem frum- og milliinnheimta peningakrafna heyrir undir, en frumvarpið nær þó ekki yfir lögginnheimtu, sem fellur utan gildissviðs innheimtulaga skv. 2. málsl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

*Guðmundur Ásgeirsson*

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is